

Erindisbréf menntaráðs Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð.

1. gr.

Málaflokkar.

Menntaráð Kópavogs er kosið af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með málefni barna og ungmenna í grunnskólum og frístundastarfi samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, æskulýðslögum nr. 70 / 2007, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Málefni Skólahljómsveitar Kópavogs, Tónsala og Tónlistarskóla Kópavogs falla jafnframt innan verksviðs menntaráðs.

2. gr.

Ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar.

Ráðið er skipað sjö ráðsmönnum í samræmi við viðauka III. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar (bæjarmálasamþykkt), og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára í senn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann.

Áheyrnarfulltrúar skulu skipaðir í samræmi við 40. gr. bæjarmálasamþykktar með málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og SAMKÓP, félag foreldrafélaga í Kópavogi, kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varafulltrúa til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

II. Kafli

Fundir og starfshættir.

3. gr.

Hlutverk deildarstjóra og sviðsstjóra.

Deildarstjóri grunnskóladeildar er starfsmaður ráðsins með málfrelsi á fundum ráðsins. Starfsmaður undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Starfsmaður ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Sviðsstjóri menntasviðs situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi.

4. gr.

Fjöldi funda.

Fjöldi funda ráðsins er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum kosningum og árlega eftir það skal formaður leggja fram funda- og starfsáætlun til samþykktar.

5. gr.

Boðun og dagskrá.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og nauðsynleg fundargögn.

Í dagskrá skal tilgreint við hvern dagskrárlið hvort mál sé lagt fram til kynningar, umræðu eða ákvörðunar. Í tillögurétti felst réttur til þess að óska eftir að málefni verði tekið á dagskrá fundar. Ef enginn ráðsmanna andmælir því að formaður stýri fundi á grundvelli útsendrar dagskrártillögu telst hún þegjandi samþykkt sem dagskrá fundarins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá enda samþykki 2/3 viðstaddra ráðsmanna þau afbrigði. Þó er skylt að fresta ákvörðun í slíku máli ef einhver ráðsmanna óskar þess.

6. gr.

Fundarsókn.

Ráðsmanni er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni ráðsins.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ákvörðun tekið nema fundur sé lögmætur.

Áheyrnarfulltrúi sem ekki getur mætt til fundar ber ábyrgð á því að boða varaáheyrnarfulltrúa í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni ráðsins.

Geti varamenn eða varaáheyrnarfulltrúar ekki mætt til fundar skal boða fulltrúa í efsta sæti á lista viðkomandi framboðslista. Geti viðkomandi ekki mætt skal koll af kolli boða næsta fulltrúa á framboðslistanum.

7. gr.

Fundarsköp og málsmeðferð.

Um fundarsköp og málsmeðferð í ráðinu fer eftir því sem við á samkvæmt viðauka II. við bæjarmálasamþykkt að því leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir um í þessu erindisbréfi.

Formaður stýrir fundum ráðsins og varaformaður í forföllum formanns. Ef formaður og varaformaður eru forfallaðir felur formaður öðrum ráðsmanni að stýra fundi.

Fundur ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað starfsfólk bæjarins á sinn fund og aðra til upplýsingagjafar undir umræðu um einstaka mál. Starfsfólk og gestir skulu víkja af fundi að upplýsingagjöf lokinni.

Ráðið getur aðeins tekið ákvarðanir á lögmætum fundum.

Ráðið skal á fundum sínum hvort sem er taka fyrir þau erindi sem berast eða taka fyrir málefni að eigin frumkvæði. Ráðið skal fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarráðs. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða hafna, vísa því frá eða vísa því til staðfestingar bæjarráðs. Ráðið getur einnig vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða eða sviðsstjóra, eða annarra aðila. Skal niðurstaða máls ráðast af einföldum meirihluta atkvæða.

Ráðinu er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Bókun felur einungis í sér afstöðu viðkomandi til máls en ekki beiðni um vinnuframlag eða ákvörðun í máli.

Ráðið skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta að vönduðum stjórnsýsluháttum og að farið sé að stjórnsýslulögum og gildandi verklagsreglum.

8. gr.

Ritun fundargerða.

Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. II. viðauka bæjarmálasamþykktar.

9. gr.

Fundargerðir ráðsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar ber að taka þær sérstaklega fyrir á fundum bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir því með tillögu þar að lútandi.

Fundargerðir ungmennaráðs skulu teknar á dagskrá menntaráðs til kynningar.

III. Kafli

Hlutverk og markmið.

10. gr.

Stefnumótun.

Ráðið markar drög að menntastefnu með hliðsjón af stefnu Kópavogsbæjar.

Ráðið endurskoðar gildandi stefnur málaflokksins ef tilefni er til í samræmi við ferli um mótun og endurmat stefna.

Ráðið felur sviðsstjóra menntasviðs gerð aðgerðaáætlunar vegna innleiðingar menntastefnu sem kynnt er og lögð fram til samþykktar í ráðinu. Aðgerðaáætlun skal lögð fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Ráðið markar drög að reglum sem Kópavogsbæ ber að setja lögum samkvæmt á sviði viðkomandi málaflokks.

11. gr.

Hlutverk og verkefni.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru:

1. Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs skv. reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009.
2. Mat og eftirlit með starfsemi frístundar og starfsemi félagsmiðstöðva bæjarfélagsins fyrir börn og ungmenni.
3. Eftirlit með að stefnu Kópavogsbæjar og lögum um málaflokka sem heyra undir ráðið sé fylgt.
4. Eftirlit með því að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.
5. Eftirlit með því að fyrir hendi sé viðeigandi húsnæði og aðbúnaður fyrir skóla- og frístundastarf.
6. Fylgjast með og stuðla að aðgengi að skólaþjónustu.
7. Stuðla að samþættingu þjónustu sem veitt er á vegum skólakerfisins við aðra þjónustu sem er veitt í þágu barna lögum samkvæmt.
8. Stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla sem og grunnskóla og framhaldsskóla.
9. Staðfesta viðmið um skóladagatal og dagsetningar vetrarfría, sameiginlegra skipulagsdaga leik- og grunnskóla ásamt skóla- og frístundastarfi.
10. Staðfesta starfsáætlun í grunnskóla- og frístundastarfi árlega og skólanámskrá einstakra skóla á fjögurra ára fresti.
11. Staðfesta viðmið um starfsáætlanir í grunnskóla- og frístundastarfi og skólanámskrá grunnskóla.
12. Ákvarðanir um það hvort heimila skuli endurupptöku máls skv. IV. bækjarmálasamþykktar.
13. Ráðið úthlutar úr Forvarnarsjóði barna og ungmenna í Kópavogi.
14. Önnur verkefni sem bæjarráð eða bæjarstjórn hefur falið ráðinu eða mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum erindisbréfsins.

15. Starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun bæjarstjórnar.

12. gr.

Heimild til fullnaðarafgreiðslu.

Ráðinu er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í samþykktum fjárhags-, framkvæmda- og starfsáætlunum og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar.

IV. Kafli

Hæfi og skyldur.

13. gr.

Ráðið skal við allar ákvarðanir hafa heildarhagsmuni íbúa að leiðarljósi. Ráðsmönnum ber ávallt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Ráðsmenn sem sitja í stjórnunum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglu kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ sem skulu gilda um ráðsmenn og áheyrnarfulltrúa.

Ráðsmaður og áheyrnarfulltrúi eru vanhæfir til allrar þátttöku í meðferð máls sem varðar þá sjálfa eða náði skyldmenni þeirra og skulu í slíkum tilvikum víkja af fundi áður en mál er tekið til umræðu. Um hæfi ráðsmanna, áheyrnarfulltrúa og starfsmanna ráðsins vísast til 17. gr. bæjarmálasamþykktar.

Ráðsmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja um í störfum ráðsins og leynt á að fara samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um áheyrnarfulltrúa og starfsfólk funda. Ráðið skal óska eftir því að gestir gæti trúnaðar eftir eðli máls hverju sinni.

14. gr.

Starfsmannamál.

Ráðið hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra starfsstöðva sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki starfsstöðva né starfsfólki bæjarskrifstofu. Ráðsmenn koma ekki að ráðningu starfsfólks.

Rekstur starfsstöðva og starfsmannamál eru á ábyrgð ráðinna stjórnenda. Forstöðumenn starfsstöðva eru ábyrgir fyrir rekstri, fjárhag og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

V. Kafli

Gildistaka

15. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarráði Kópavogsbæjar þann 3. júlí 2025 og tekur gildi frá þeim degi.